

Njótum leiksins! Fegurð HM í fótbolta

Heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu er einn af stærstu íþróttaviðburðum sögunnar. Keppnin er haldin fjórða hvert ár og hefur velgengni hennar aukist jafnt og þétt. Fjölmiðlar gegna veigamiklu hlutverki í að skapa stemningu fyrir keppninni. „Ég er með HM!“ hljómar reglulega á öldum ljósvakans. Óþægileg samlíking við sjúkdómsheiti - nefndi einhver HIV og Afríku? Fótboltafárið breiðist út eins og einkennileg hitasótt sem allir vilja smitast af og gert er ráð fyrir að slegið verði áhorfendamet á keppnina í Suður Afríku nú í sumar. En hvað er það sem gerir heimsmeistarakeppnina í fótbolta, eða bara íþróttir yfirhöfuð, skemmtilegar? Það fer eftir því hvernig á það er litið.

„Íþróttir eru ópíum fólksins“ hafa ýmsir haldið fram í anda þýska heimspeksins Karl Marx. Að taka þátt í íþróttum og fylgjast með íþróttaviðburðum gerir okkur kleyft að flýja vandamál hversdagslífsins, að deyfa vanlíðan og óánægju okkar, um stundarsakir að minnsta kosti. Íþróttir sinna samfélagslegu hlutverki. Nýlega kom í fréttum að Íslendingar væru hamingjusamasta þjóð í heimi, og það þrátt fyrir efnahagslegt og siðferðislegt upplausnarástand á Íslandi. Á sama tíma má greina aukinn áhuga og ásókn á íþróttaviðburði hér á landi. Áhorfendamet var sett á úrslitaleik í Íslandsmóti kvenna í körfuknattleik, Stykkishólmur fór á annan endann í karlakörfunni, full hús og óvenju mikil stemning á úrslitaleikjum karla og kvenna í handknattleik og áhorfendamet hefur verið á fyrstu umferðir í efstu deild karla í knattspyrnu. Íslendingar eru með sanni mikil íþróttþjóð, enda hamingjusamasta þjóð í heimi.




Sumir segja að íþróttir hafi bjargað mörgum kaffiboðunum, ættarmótunum og vinnustöðunum. Því íþróttir ýta undir samskipti fólks. Allir geta talað saman um íþróttir. Íþróttir eru í tísku. Til að vera með í umræðunni þarf maður að vita eitthvað um Messi og Ronaldo eða geta sagt sitt álit á dómgæslunni. Íþróttir eru eitthvað sem ólíkir einstaklingar eiga sameiginlegt. Forstjórinn og starfsmaður á plani ná saman því þeir halda báðir með með brössunum í heimsmeistarakeppninni. Í íþróttunum enda þeir því á sama plani. Þetta er sérstaklega heppilegt fyrir íslenska karlmenn sem hafa oft þótt frekar lokaðir og hlédrægir. Ungir íslenskir karlmenn eru meira að segja farnir að syngja á íþróttaviðburðum. Á næstunni má því búast við að margir geti rætt um heimsmeistarakeppnina í fótbolta í stað hefðbundinna umræðna um veðrið, kreppuna eða eldsumbrot í Eyjafjallajökli.

Manninum er einnig mikilvægt að tilheyra einhverju sem er stærra en hann. Íþróttir hjálpa til við að sinna slíkri þörf. Hvort ég held með Val eða Fram, Englandi eða Argentínu, strákunum eða stelpunum okkar, eða hverju sem er. Við og þið. Til að mynda halda íslenskir karlmenn meira með enskum fótboltaliðum heldur en íslenskum. Þrátt fyrir fjarlægðina. Það er því auðvelt fyrir íslenska íþróttáhugamenn að finna sitt lið á heimsmeistaramótinu og þeir geta því með sannfæringu sagt „mínir menn“.



Íþróttir endurspeglar einnig árangur í sinni skýrustu mynd. Oftast er skilgreining árangurs í íþróttum sú að þeir sem sigra hafa náð árangri en hinir ekki. Þeir sem ná árangri eru fyrirmynd um að vinnusemi, skipulag og hugarfar skili árangri. Sem eru einmitt kostirnir sem við sjálf teljum að við búum yfir. Við viljum sameina okkur með sigurvegurum. Þetta eru jú „okkar menn“. Við eigum þátt í sigrinum þegar vel gengur en getum svo bara fært okkur yfir í íslenska boltann ef illa fer. Þannig getum við náð árangri þegar okkur hentar. Án allrar ábyrgðar.



Í augum almennings eru íþróttir þó fyrst og fremst skemmtun. Okkur finnst gaman að fylgjast með íþróttum. Mikilvægasti hluti skemmtanagildis íþróttanna er að þær byggja á óvissu um úrslit. Það veit enginn hvernig fer. Það veit enginn hverjir verða heimsmeistarar. Allt getur gerst. Ef það væri ekki raunin þá hefðu fáir áhuga á að fylgjast með íþróttum. Smárikin geta unnið stórveldin. Davíð getur lagt Golíat. Það þekkjum við Íslendingar manna best. Áhorfendur vita því aldrei hvað kemur til með að gerast, hverjir skora, hverjir gera mistök, hverjir sigra og tapa. Þó svo að allir hafi á því sína skoðun, sem er svo allt annar hlutur. Því hér á landi búa ríflega 300.00 sérfræðingar.

En umfram allt þá er það fjölbreytileiki íþróttanna sem höfðar til okkar. Hinar ýmsu ósýnilegu hliðar íþróttanna sem leynast undir sléttu yfirborðinu. Íþróttir eru í senn trúarbrögð, stríð, og list. Allt í einum pakka. Þrátt fyrir að þær byggi á ákveðnum sýnilegum lykilþáttum þá getur hver og einn nálgast þær með sínu nefi. Á meðan sumir horfa á flottan sóknarleik á heimsmeistaramótinu, kunna aðrir að meta vel útfærðan varnarleik; sumir kunna að meta gott leikskipulag en aðrir flotta fótleggji; sumir elska Ronaldo en aðrir elska að hata hann; og á meðan sumir gefa sig tilfinningum á vald í hita leiksins þá eru aðrir sem greina leikinn á yfirvegaðan hátt. Fegurðin liggur því í augum þess sem á horfir. Hitasóttin getur náð til allra. Njótum leiksins!

Viðar Halldórsson og Magnús Agnar Magnússon
Birt í helgarblaðinu Krítík, 1.tbl., 1.árg., bls. 19, 2010.